

Föstudaginn 5. nóvember 1954.

Nr. 56/1953. **Glitsteinn h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Kristjáni E. Kristinssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi var félagsbundinn í Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði á þeim tíma, sem hann vann hjá áfrýjanda. Hins vegar er ekki fram komið í málinu, að áfrýjandi hafi verið í stéttarfélagi atvinnurekenda á sama tíma. Er því ekki leitt í ljós, að lögskipti aðilja hafi verið háð ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags við atvinnurekanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Verður krafa stefnda þess vegna ekki reist á ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags.

Aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi í upphafi verið ráðinn til náms í starfsgrein áfrýjanda, sem ekki er löggilt iðngrein. Stefndi kannast við það, að hann hafi ráðið sig af þessum sökum fyrir lægri laun fyrstu 3 mánuðina en kaupgjaldstaxti Dagsbrúnar segir til um og að áfrýjandi hafi greitt honum þau vinnulaun, sem um var samið. Hins vegar telur stefndi ráðningu sína hafa átt að standa um 2 ár, en gegn andmælum áfrýjanda hefur hann ekki fært sönnur á þá staðhæfingu. Stefndi réðst til áfrýjanda hinn 26. marz 1950, en var sagt upp starfi í febrúarmánuði 1951. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þessi tími hafi ekki verið honum nægur til að læra verk þau, sem unnin eru í starfsgrein

áfrýjanda. Verða honum því ekki dæmdar frekari greiðslur úr hendi áfrýjanda en hann hefur þegar fengið. Ber samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Glitsteinn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristjáns E. Kristinssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kristján E. Kristinsson, Garðavegi 15 C í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. nóv. 1951, gegn Glitsteini h/f hér í bæ til greiðslu vangoldinna vinnulauna, að fjárhæð kr. 2.852,49, með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. marz 1950 réðst stefnandi til starfa hjá stefnda, er þá hét Marteinn Davíðsson & Co. h/f. Skýrir stefnandi svo frá, að svo hafi samizt með þeim Marteini Davíðssyni, er var þá forstjóri stefnda, að fyrstu þrjá mánuði starfstímans skyldi stefnandi fá greiddar kr. 5,00 um hverja klukkustund, en að þeim tíma liðnum skyldi honum greitt samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Kveðst stefnandi hafa ráðið sig hjá stefnda til þess að læra „mósaik“- og „terrazzó“-lagningu, og hafi verið gert ráð fyrir, að hann yrði í vistinni um 2 ára skeið a. m. k. Stefndi greiddi stefnanda kaup miðað við 5 krónur um klukkutímann fyrstu þrjá mánuðina, þó með nokkurri hækkun, sem stafað mun hafa af visitölubreytingu, en síðan venjulegt verkamannakaup. Stefndi hætti störfum hjá stefnda, að því er hann minnr, í febrúar 1951, og að því er hann hermir, fyrir uppsögn stefnda, sem hafi þá sagt upp öllu sínu starfsfólki og lagt niður starfsemina um tíma. Þegar starfsemin hófst á ný, var stefnanda eigi boðin vinna aftur, þótt verkstjóri stefnda hafi að sögn stefnanda verið búinn að lofa honum því. Stefndi, sem kveðst vera félagsmaður í Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði, telur, að hann hafi

átt rétt á fullu verkamannakaupi fyrstu þrjá mánuðina, sem hann vann hjá stefnda, enda séu samningar um lægri kaupfaxta ógildir. Hefur hann því höfðað mál þetta til heimtu mismunarins á fullum daglaunum tímabilið 26. marz til 1. júlí 1950 og þeim launum, sem honum voru greidd.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið greitt að fullu kaup það, sem honum bar samkvæmt samningum aðilja. Heldur hann því og fram, að stefnandi hafi óskað að hætta námi sínu og þá og þess vegna hafi verið farið að greiða honum venjulegt kaup skv. taxta. Einnig hefur stefndi vefengt, að stefnandi sé í Verkamannafélaginu Hlíf eða hafi verið í því á því tímabili, sem hér ræðir um.

Starf það, er stefnandi taldi sig ráðinn til að nema hjá stefnda, er ekki viðurkennd iðngrein hér á landi, og var því eigi unnt að gera með aðiljum löglegan námssamning. Hins vegar þykir ljóst af málavöxtum, að stefnandi hafi treyst því, að hér væri um námsvist að ræða, og að það traust hans hafi verið forsenda þess, að hann réðst til starfans fyrir svo lágt tímakaup í upphafi sem raun var á. Gegn mótmælum hans hefur stefndi ekki sannað, að hann hafi að eigin ósk hætt við nám sitt, og eigi er vefengt, að hann hafi látið af störfum eingöngu vegna uppsagnar stefnda. Verður því að líta svo á, að áðurgreind forsenda fyrir samningi um kaup hafi brugðizt án tilverknaðar stefnanda, og þykir hann því eiga rétt á að krefja stefnda um viðbót á kaupi sínu, þannig að hann hljóti fullt kaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta allan tímann. Reikningur sá, er stefnandi hefur lagt fram í málinu, hefur ekki verið vefengdur, að því er varðar niðurstöðutölur, og verður hann því lagður til grundvallar og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.852,49, en vexti þykir eiga að telja frá stefnudegi. Þá er og rétt að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst kr. 500,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Glitsteinn h/f, greiði stefnanda, Kristjáni E. Kristinsyni, kr. 2.852,49 með 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.